



Farskólinn
miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

2008-2010

Fræðsluverkefnið Eflum byggð



Bryndís Kristín Práinsdóttir og

Gunnar Tryggvi Halldórsson

Farskólinn – miðstöð símenntunar á

Norðurlandi vestra

2008-2010

Efnisyfirlit

Fræðsluverkefnið <i>Eflum byggð</i>	3
1. Aðdragandi	3
2. Markmið verkefnisins <i>Eflum byggð</i>	4
3. Verkaskipting samstarfsaðila	4
4. Þátttakendur í <i>Eflum byggð</i>	4
5. Fræðsluverkefnið – námsskipan	5
5.1 Námsgreinar	6
6. Námskeiðsmat	6
7. Skýrsla verkefnastjóra; Gunnars Tryggva Halldórssonar.....	6
7.1 Kennslan.....	7
7.2 Framhaldið.....	8
8. Lokaorð.....	8
9. Heimildir:.....	9
Fylgiskjöl	10

Fræðsluverkefnið *Eflum byggð*

1. Aðdragandi

Vorið 2008 auglýsti Menntamálaráðuneytið eftir umsóknum til ýmissa verkefna og þar á meðal fræðsluverkefna, vegna tímabundins aflasamdráttar á landsbyggðinni. Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra sendi inn umsókn að fræðsluverkefni ásamt Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Hólaskóla – háskólanum á Hólum, en það var sett sem skilyrði í umsókninni að fleiri en einn aðili störfuðu saman að viðkomandi verkefni.

Fyrirmynd fræðsluverkefnisins, sem fékk nafnið *Eflum byggð*, var fengin frá Evrópuverkefninu „Breytum byggð (Learning Community)“, sem haldið var á Hofsósi árin 2001 – 2003. Hugmyndin var, eins og á Hofsósi, að bjóða íbúum í samfélagi, þar sem hefðbundnar atvinnugreinar áttu undir högg að sækja, upp á tækifæri til að takast á við breytingar, með því að efla samfélagsandann, sjálfstraust og samheldni íbúanna á svæðinu. Lögð var áhersla á að byggja upp jákvætt viðhorf heimamanna gagnvart breytingum og þróun í atvinnulífinu. Markmið verkefnisins var einnig að hjálpa fólki til að sjá tækifæri í nýjum atvinnugreinum eins og ferðapjónustu.

Ákveðið var að halda námskeið í Austur-Húnavatnssýslu; á Blönduósi og nágrenni. Ástæðan var meðal annars sú að Blönduósibær hafði búið við viðvarandi fólksfækkun undanfarin ár. Samkvæmt skýrslunni „Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun“ fækkaði íbúum á Blönduósi um 23% á árunum 1991 – 2006 (Sigríður K. Þorgrímsdóttir og Halldór V. Kristjánsson, 2008, bls. 47). Í skýrslunni segir ennfremur að tækifærin á svæðinu felist meðal annars í ferðapjónustu og iðnaði (bls. 47). Á Blönduósi voru hlutfallslega flest störf í þjónustu eða um 40% og um 21% starfa voru í iðnaði. Einungis eitt fyrirtæki var eftir í fiskvinnslu og störfuðu þar 7 manns (2007) (bls. 49). Helstu styrkleikar Blönduóssbæjar lágu í fjölbreyttri þjónustu við landbúnað og ferðamenn enda liggur Blönduós við Þjóðveg 1 (bls. 49). Helstu veikleikar og ógnanir voru meðal annars að samstaða um sameiginleg málefni var ekki nægileg og fá störf voru fyrir langskólagengna. Tækifærin felast meðal annars í ferðapjónustu og frumkvöðla-starfsemi í smáiðnaði (bls. 49).

Kennt var í sal Samstöðu – stéttarfélags að Þverbraut 1 á Blönduósi og í Námsstofunni á Skagaströnd auk þess sem tölvukennsla fór fram í tölvustofum grunnskólanna á Blönduósi og Skagaströnd.

2. Markmið verkefnisins *Eflum byggð*

- Að auka starfshæfni íbúanna með því að skapa jákvætt andrúmsloft í samfélaginu gagnvart breytingum og þróun í atvinnulífinu
- Að skapa jákvætt andrúmsloft gagnvart fræðslu í samfélaginu
- Að auka námsgæði og aðgang að áframhaldandi menntun í samfélaginu

3. Verkaskipting samstarfsaðila

Samstarfsaðilar fræðsluverkefnisins voru auk Farskólans; Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra og Hólaskóli – háskólinn á Hólum. Farskólinn hafði umsjón með verkefninu; sá um fjárhagslega umsýslu og réð verkefnastjóra í hálf tveggja ára (til 31. júlí 2010). Farskólinn samdi við leiðbeinendur og sá um að greiða þeim laun fyrir kennsluna. Fjölbrautaskólinn lagði til leiðbeinendur og hafði umsjón með námsefni einstakra námpátta til að tryggja gæði námsins. Fjölbrautaskólinn mat námið til eininga við FNV. Þeir námsmenn sem tóku alla námsþættina og stóðust kröfur námsins og mætingar fengu 24 framhaldsskólæiningar fyrir nám sitt. Kennarar úr grunnskólum á svæðinu önnuðust kennslu í tölvugreinum, íslensku og stærðfræði. Kennarar í Hólaskóla kenndu áttthagafræði/ferðamálafræði og þjónustu og byggði kennslan á góðri reynslu þeirra úr verkefninu „Breytum byggð“, en Ferðamáladeild Hólaskóla fékk á sínum tíma sérstaka viðurkenningu fyrir þann hluta Evrópuverkefnisins.

4. Þátttakendur í *Eflum byggð*

Til að ná til væntanlegra þátttakenda var námið auglýst í héraðsblaði og með dreifpósti inn á öll heimili í Austur-Húnavatnssýslu. Auglýsingum var fylgt eftir með kynningarfundum og á heimasíðu Farskólans. Á Blönduósi og nágrenni tóku alls 34 einhvern hluta af námskeiðinu og á Skagaströnd tóku 12 einhvern hluta af námskeiðinu. Níu þátttakendur luku öllum námsþáttum; sjö konur og tveir karlar. Öll voru þau frá Blönduósi og nágrenni utan einn; karlmaður sem kom frá Skagaströnd.

Á haustönn 2009 var ákveðið að hætta kennslu á Skagaströnd vegna þáttökuleysis þar. Aðeins einn hafði áhuga á að klára námskeiðið þar og ók hann til Blönduóss í kennslustundir og fékk akstursstyrk frá Farskólanum til þess. Tafla 1 sýnir kenndar stundir í hverri námsgrein, fjölda námsmanna í hverri námsgrein og fjölda nemendastunda. Þegar nemendastundir eru reiknaðar út er miðað við mætingar hvers og eins.

Tafla 1 Kenndar stundir, fjöldi þátttakenda og nemendastundir í *Eflum Byggð*

Kenndar stundir, fjöldi þátttakenda og nemendastundir							
Staður	Námsgrein	Kenndar st	Fjöldi nem	Nemendast	Karlar	Konur	
Blönduós	Lífsvefur	104	24	1484	3	21	
	UTN	80	25	1260	3	22	
	Enska	64	27	944	5	22	
	Stærðfræði	32	12	352	2	10	
	Íslenska	16	13	184	2	11	
	Frumkvöðl	26	12	288	2	10	
	Áttahagafræð	16	12	176	2	10	
	Þjónusta	8	11	84	2	9	
	Færnimappa	12	10	112	2	8	
	Bókhald	26	11	274	2	9	
	Samtals		384		5158		
Skagaströnd	Lífsvefur	80	9	572	4	5	
	UTN	80	11	696	4	7	
	Enska	48	3	104	1	2	
	Stærðfræði	32	4	80	1	3	
	Íslenska	16	3	40	1	2	
	Frumkvöðl	0					
	Áttahagafræð	0					
	Þjónusta	0					
	Færnimappa	0					
	Bókhald	0					
	Samtals		256		1492		

Öllum námsþáttum luku níu manns; átta á Blönduósi og einn á Skagaströnd. Í þessum hópi voru sjö konur og tveir karlmenn.

5. Fræðsluverkefnið – námsskipan

Námið tók tvö ár eða fjórar annir. Á hverri önn voru kennd þrjú kvöld í viku: mánudags-, þriðjudags- og miðvikudagskvöld í átta vikur; fjórar kennslustundir í senn. Hver önn var samtals 96 kennslustundir. Samtals var námið 384 kennslustundir og var það metið til allt að 24 framhaldsskólaeininga við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

5.1 Námsgreinar

Námsgreinar voru:

- **Lífsvefurinn** (112 kest.). Sjálfsefli var uppistaðan í verkefninu og var eins og rauður þráður í gegnum það. Hugmyndin kom úr Evrópuverkefninu „Breytum byggð“ á Hofsósi (2001 – 2003) þar sem lítið var á manneskjuna „sem, vef þar sem uppistaðan væri meðfæddir hæfileikar og eðli hvers einstaklings, en ívafið í vefinn væri sú þekking og reynsla sem hver einstaklingur hafði aflað sér á leið sinni í gegnum lífið“ (Margrét Björk Björnsdóttir. 2007.). Farið var í hvað einstaklingurinn getur gert til **að efla sig og samfélagið** sem hann býr í. Fjallað um sjálfið, sjálfstraustið, tjáskipti, samskipti, fjölskyldu og vinnustað. Nám og námstækni. Fjármál heimilanna og fleira.
- **Enska** (54 kest.). Lögð var áhersla á talmál í enskunni. Námsefnið var meðal annars „Sarpurinn“ sem er námsefni sem Farskólinn tók saman á sínum tíma.
- **Upplýsingatækni – UTN 1036** (80 kest.). Unnið var í Office 2007.
- **Hagnýt stærðfræði** (32 kest.). Stærðfræði til notkunar í daglegu lífi. Upprifjun. Prósentureikningur; hækkun og lækkun. Einfaldir vaxtaútreikningar. Rúmfræði, mælingar og fl. Námsefnið var „Sarpurinn“; en það er stærðfræðiefni sem Farskólinn tók saman.
- **Íslenska** (16 kest.). Uppsetning bréfa. Umsóknir um störf. Lögð var áhersla á að íslenskan væri hagnýt.
- **Bókhald** (26 kest.). Hagnýtt bókhald. Hagnýt dæmi sett upp í samráði við þátttakendur. Bókhald tengdist Excel hluta upplýsingatækninnar, stærðfræði og frumkvöðlafræði.
- **Átthagafraedi** (16 kest.). Gengið var út frá því að þátttakendur væru alltaf að „selja“ sitt heimasvæði. Hvernig er náttúran á heimaslóð? Hvað er vert að skoða?
- **Frumkvöðlafræði** (26 kest.). Hér veltu þátttakendur fyrir sér hvað það þýði að vera frumkvöðull? Hvaðan koma hugmyndir að nýjum verkefnum í heimabyggð og hvernig er hægt að prófa þær? Þarfagreining. Hvað þarf til að stofna, reka og slíta fyrirtæki? Hvar liggja tækifærin í heimabyggð?
- **Þjónusta** (8 kest.). Hver er undirstaða góðrar þjónustu? Hvort sem unnið er á dvalarheimilinu, í sjöppunni eða í skólanum. Erfiðir viðskiptavinir og fl.
- **Færnimappa** (10 kest.). Þátttakendur gerðu færnimöppu þar sem þeir skráðu alla sína þekkingu og færni og skipti þá ekki máli hvernig hennar var aflað.

Námsefni kom úr ýmsum áttum; bæði úr formlega skólakerfinu, frá Farskólanum og frá leiðbeinendum sjálfum.

6. Námskeiðsmat

Námskeiðsmat var lagt fyrir þátttakendur á lokakvöldinu. Í fylgiskjöllum má sjá myndrænar niðurstöður úr námskeiðsmati. Hafa ber í huga að einungis níu þátttakendur tóku þátt í skriflegu námskeiðsmati.

7. Skýrsla verkefnastjóra; Gunnars Tryggva Halldórssonar

Eflum byggð námsbrautin fór vel af stað á Blönduósi og Skagaströnd. Kennslumarkmið í upphafi var að ná lágmarkshópi til að halda úti kennslu á Skagaströnd og á Blönduósi. Við auglýstum í héraðsblaði og með dreifipósti á öll heimili í Austur-Húnavatnssýslu í september

2008. Við fylgdum auglýsingunum eftir með kynningarfundum á báðum stöðum þar sem spurningum áhugasamra gesta var svarað. Skráningar voru á fundum, með tölvupósti og símleiðis næstu daga á eftir.

Flestir sem sóttu námsbrautina voru með það að leiðarljósi að skerpa á þekkingu sinni og vinna frekara sjálfstraust til náms eftir hlé. Nokkrir nemendur voru að safna sér einingum til frekara framhaldsskólanáms þar sem námsbrautin gefur einingar í grunngreinum almenns bóknáms á framhaldsskólastigi.

Í heild var meðalaldur námsmanna 45 ár þegar meðaltal var tekið eftir fyrri veturinn. Námsmenn á Blönduósi voru heldur eldri eða 48 ára á móti 40 ára á Skagaströnd. Í upphafi námsbrautar var lagt fyrir sjálfmyndarpróf/könnun sem byggð var á Rosenberg. Prófið var lagt fyrir aftur í lok námsbrautar og niðurstöður bornar saman. Könnunin gaf vísbendingar um aukið sjálfstraust nemenda og jákvæðara viðhorf. Nemendur fengu einnig viðtalstíma hjá náms- og starfsráðgjafa.

7.1 Kennslan

Markmið Farskólans var að fá háskólamenntaða einstaklinga á hverju sviði til kennslu. Einnig var haft að leiðarljósi að hafa nýjan kennara í hverjum námsþætti sem hefur gengið eftir. Hafa grunnskólakennarar á svæðinu verið í meirihluta svo og sérfræðingar í ákveðnum námsþáttum, framhaldsskólakennarar og háskólakennarar.

Farskólinn lagði áherslu á góða námsaðstöðu fyrir námsmenn í *Eflum byggð* utan grunnskólanna á svæðinu. Það er mat starfsfólks Farskólans og samstarfsfólks verkefnisins að grunnskóli sé ekki kjöraðstaða fyrir fullorðið fólk til náms. Í sumum tilfellum eru borð og stólar ekki hannaðir fyrir fullorðið fólk og tómur dimmur skóli getur verið fráhrindandi. Einnig getur fólk átt í erfiðleikum með að einbeita sér að námi með t.d. málaðar myndir og föndur grunnskólanemenda í námsumhverfinu. Hefur Farskólinn því flutt alla námsþætti í námsver á Blönduósi og á Skagaströnd þar sem hlýleg og þægilegt aðstaða þjappa fólkinu saman yfir kaffibolla á milli námstarna.

Námsbrautin gekk vel á Blönduósi allan tíman en lagðist af á Skagaströnd vegna dræmrar þátttöku seinni veturinn. Nemendur úr Húnavatnshreppi komu inn seinni veturinn og lögðu sumir hverjir á sig 60 km akstur þrisvar í viku til að nýta þetta tækifæri til náms.

7.2 Framhaldið

Undir lok námsbrautar var fundað með nemendum til að fara yfir námið og kanna áhuga á framhaldi. Nemendur voru mjög áhugasamir um framhald og greinilegt að sumir höfðu unnið sé inn sjálfstraust til náms eftir hlé. Almenn umræða leiddi til mikilvægi framhaldsskólaeininga í náminu og vildu sumir fækka kennslustundum á viku ef framhald yrði á. Nemendur töldu *Eflum byggð* vera einstakt tækifæri til að stunda nám í hóp í Austur-Húnavatnssýslu, þar sem ekki er framhaldsskóli í sýslunni. Mikill áhugi var á framhaldi á námsbrautinni.

8. Lokaorð

Eftir að *Eflum Byggð* hófst ákváðu sveitarstjórnir Húnavatnshrepps og Blönduóssbæjar að koma á fót nýju námsveri á Blönduósi og gekk það eftir sumarið 2009. Þar er aðstaða fyrir 12 einstaklinga til náms í gegnum fjarfundabúnað. Það virðist því vera áhugi fyrir því að efla möguleika íbúa svæðisins til frekara náms.

Þátttakendur í *Eflum Byggð* á Blönduósi hafa lýst yfir áhuga á frekara námi og má segja að tungumálanám eða enska sé það nám sem flestir óska eftir. Gert er ráð fyrir að námsleið Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins „Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum“ fari af stað á Blönduósi haustið 2010.

Til verkefnisins *Eflum Byggð* fengust allt að 12 milljónir frá Menntamálaráðuneytinu. Kostnaður vegna verkefnisins var kr. 10.371.951,-. Haustið 2008 greiddi Menntamálaráðuneytið kr. 4.800.000 kr vegna verkefnisins. Í desember 2009 var gert munnlegt samkomulag við ráðuneytið um að gera verkefnið upp vorið 2010. Eftirstöðvar eru því kr.5.570.000,-.

Farskólinn þakkar samstarfsaðilum og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu gott samstarf í fræðsluverkefninu *Eflum Byggð*.

9. Heimildir:

Guðrún Árnadóttir og Jón Torfi Jónasson. (2002). *Baseline evaluation of the Leonardo Da Vinci, community vocational training action programme in Iceland* (Viðauki við skýrslu Jóns Torfa Jónassonar og Kristínar Erlu Harðardóttur). Háskóli Íslands, Félagsvísindastofnun.

Jón Torfi Jónasson og Kristín Erla Harðardóttir. (2004). *LearnCom Final Evaluation Report*. Leonardo Da Vinci Learning Community Project. Social Science Research Institute of the University of Iceland.


Margrét Björk Björnsdóttir. (2007). *Römm er sú taug...* Getur sjálfsstyrking samfélaga og efling á áttahagafræði, stuðlað að sterkri byggð og uppbyggingu á ferðaþjónustu á landsbyggðinni? BA ritgerð í ferðamálafræði. Hólar í Hjaltadal.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir og Halldór V. Kristjánsson. 2008. *Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun*. Skýrsla. Byggðastofnun.

Fylgiskjöl


Myndrænar niðurstöður úr námskeiðsmati ásamt athugasemdum þátttakenda.

Lífsvefurinn





Athugasemdir þátttakenda:

- Lífsvefurinn var mjög skemmtilegt fag og kennarinn góður.
- Gott efni – kennari góður.
- Mjög gott námskeið.
- Kennarinn hefur mikil áhrifavaldur og þessi var mjög góð að mínu mati.





Upplýsingatækni



Athugasemdir þátttakenda:

- *Hér hæti ég eftir áramót vegna veikinda, hef reyndar nokkuð góða þekkingu á þessu fagi. Hér var mjög breiður hópur og var það mjög erfitt fyrir kennarann. Af þeim sökum fékk maður ekki eins mikið út úr náminu eins og ég vænti.*
- *Hópur allt of breiður. Hefði viljað að nemendur hefðu fylgst að.*
- *Of fjölmennur hópur. Kennari góður.*
- *Vantar undirstöðu í tölvunámi.*




Enska



Athugasemdir þátttakenda:

- *Fannst það þyrfti að vera þyngra í seinni hlutanum. Eflaust væri gott að fá framhaldsnámskeið.*
- *Nokkuð hratt farið yfir.*
- *Þyrfti kannski að skipta enskunni í hópa eftir getu einstaklinga fyrir.*
- *Góður kennari – stóð sig vel með breiðan hóp.*
- *Mjög góður kennari.*
- *Kennarinn stóð sig mjög vel. Hópurinn á mjög misjöfnu stigi, en Katarína leysti mjög vel.*


Hagnýt stærðfræði



Athugasemdir þátttakenda:

- Var gaman í þessari upprifjun – kennari góður.
- *Mjög gaman og flott. Mætti taka til athugunar að bjóða upp á stæ 102 eða 202 og fá metið til framhaldsnáms.*
- *Þyrfti að fá meiri æfingu og það hefði verið betra að fá stærðfræði 2 líka.*




Íslenska



Athugasemdir þátttakenda:

- Var aðeins ruglingsleg uppsetning.
- Þau Hörður + Berglind voru mjög góð og settu efnið upp á áhugaverðan hátt.


Bókhald



Athugasemdir þátttakenda:

- Hefði viljað að námskeiðið hefði verið lengra. En þetta var mjög gott og mjög gaman.
- Gott námskeið.
- Hefði þurft lengri tíma. Hópurinn var svo ólíkur á veg kominn að það tafði svolítið fyrir.
- Mikið námsefni á stuttum tíma.

Átthagafræði



Athugasemdir þátttakenda:

- Var áhugavert að vekja athygli á nánasta umhverfi sínu.
- Það var of stuttur tími.
- Skemmtileg – Fékk mig til að líta nærsamfélagið með augum gestsins.
- Hún vakti mann til umhugsunar og ég horfi öðrum augum á umhverfið.
- Guðrún setti efnið upp á áhugaverðan og skemmtilegan hátt, þar sem ég hafði talið mig vita flest um mitt hérað en það voru ýmsir vinklar sem hún sýndi fram á sem ég hafði ekki áttað mig á.


Frumkvöðlafræði



Athugasemdir þátttakenda:


- Ég er ekki með hæfileika til að verða frumkvöðull.
- Þarna var líka of stuttur tími.
- Gaman að fást við þetta samt sem áður.
- Annars aldrei að vita, var skemmtilegt.
- Hér teldi ég tíminn væri knappur.

Þjónusta



Athugasemdir þátttakenda:


- *Mjög fróðleg og vekur til umhugsunar.*
- *Afar gott námskeið. Góður kennari.*



Athugasemdir þátttakenda:

- *Áhugavert, hafði ekki gert áður.*
- *Hefði þurft að vera ráðgjöf með um störf eða nám ef einhver vildi læra hvað hann gæti lært – meiri ráðgjöf.*
- *Áhugavert efni.*


Aðbúnaður



Athugasemdir þátttakenda:

- Vont að sitja á hlið við kennarann.
- Ekki góð aðstaða í tölvuveri Grunnskólans. Stólar góðir, borð góð, og kaffi gott.
- Tölvuverið var frekar leiðinleg aðstöð.
- Vantar stillanlega stóla á hæð.


Skipulag



Athugasemdir þátttakenda:

- Takk fyrir mig.
- Í góðu lagi.


Áframhaldandi nám



Athugasemdir þátttakenda:

- Enskunám.
- Stærðfræði, ensku, ísl, saga, landafræði. Hef mikinn áhuga á að læra ýmis fög.
- Ensku.
- Enska.
- Enska.
- Stærðfræði, enska.


Námseiningar



Athugasemdir þátttakenda:

- *Hér skiptir aldur minn máli.*
- *Þá er ég að meina að geta notað þær síðar.*

Leiðbeinendur



Athugasemdir þátttakenda:

- *Oft erfitt fyrir kennarana því hópurinn var oft með misjafna grunna.*
- *Almennt góðir leiðbeinendur.*
- *Flestir stóðu sig mjög vel og eiga hrós skilið.*
- *Stóðu sig allir ljómandi vel.*